

Atli Harðarson
Frelsi sem dygð og frjálsmannleg samfélagsskipan
Samanburður á Spinoza og Locke

1. Spinoza, Locke, trúfrelsi og opið samfélag

Í þessari ritgerð ber ég saman það sem Benedict Spinoza og John Locke sögðu um frelsi og frjálsa menn. Um þetta efni fjölluðu þeir báðir í höfuðritum sínum um heimspeki sem eru *Siðfræðin* eftir Spinoza og *Ritgerð um mannlegan skilning* eftir Locke.¹ Einnig kemur frelsi við sögu í ritum þeirra um trúmál og stjórnsmál. Hin helstu þessara rita eru: *Ritgerð um guðfræði og stjórnsmál* og *Ritgerð um stjórnsmál* eftir Spinoza; *Bréf um umburðarlyndi* og *Ritgerð um ríkisvald* eftir Locke.² Umfjöllun minni er ætlað að gefa gróft yfirlit yfir kenningar þessara tveggja heimspekinga um frelsi og stöðu þeirra í hugmyndasögunni. Ég styðst einkum við *Siðfræði* Spinoza og *Ritgerð* Lockes *um mannlegan skilning* en ég vísa einnig til skrifna þeirra um trúmál og stjórnsmál.

Spinoza og Locke voru jafnaldrar. Þeir fæddust báðir árið 1632. Þótt heimspeki þeirra sé ólík eiga þeir það sameiginlegt að báðir mæltu fyrir trúfrelsi, tjáningarfrelsi og frjálsmannlegri samfélagsskipan og litu svo á að megintilgangur ríkisvaldsins og laganna sé að tryggja frelsi borgaranna. Rit þeirra um trúfrelsi og stjórnsmál höfðu mikil áhrif á sínum tíma og áttu verulegan þátt í þeirri hugarfarsbreytingu sem kennd er við upplýsingu og breiddist út um Vestur-Evrópu frá lokum sautjándu aldar og fram eftir þeirri átjándu.

Í tuttugasta kafla *Ritgerðar um guðfræði og stjórnsmál* segir Spinoza að frelsið sé hinn sanni tilgangur ríkisvaldsins.³ Locke tekur í svipaðan streng þar sem hann segir í sjötta kafla *Ritgerðar um ríkisvald* að tilgangur laganna sé ekki að afnema eða takmarka heldur að vernda og auka frelsið.⁴

Fjölskylda Spinoza tilheyrði samfélagi hollenskra gyðinga sem höfðu flúið undan ofsóknum yfirvalda í Portúgal og á Spáni þar sem menn voru handteknir fyrir að vera í hreinni skyrtu á laugardögum og borða grunsamlega lítið svínakjöt. Á Hollandi gátu gyðingar hins vegar iðkað trú sína í friði og tekið fullan þátt í atvinnulífi. Spinoza var fylgismaður og aðdáandi Jan de Witt, en hann var ráðsherra á Hollandi frá 1653 þar til hann var myrtur árið 1672. Undir forystu Jan de Witt varð Holland vaggja borgaralegs frjálslýndis og landsmenn nutu skoðana-, tjáningar- og verslunarfrellis langt umfram aðrar Evrópuþjóðir. Þetta kunni Spinoza vel að meta. Í *Ritgerð um guðfræði og*

¹ *Siðfræðin* nefnist á frummálinu *Ethica ordine geometrico demonstrata* og kom fyrst út skömmu eftir lát Spinoza árið 1677. *Ritgerð um mannlegan skilning* heitir á frummálinu *An Essay Concerning Human Understanding* og kom fyrst út árið 1689. Bókin var endurútgefin þrívægis áður en Locke lést árið 1704 og kaflinn sem fjallar um frelsi (XXI. kafli í II. bók) tók verulegum breytingum frá fyrstu útgáfu til þeirrar fjórðu. Í því sem hér fer á eftir er stuðst við texta fjórðu útgáfu.

² *Ritgerð um guðfræði og stjórnsmál* eftir Spinoza kom út 1670 undir nafninu *Tractatus Theologico-Politicus*. *Ritgerð um stjórnsmál* eftir Spinoza nefnist á frummálinu *Tractatus Politicus*. Þá bók skrifaði hann rétt fyrir andlát sitt og hún kom út árið sem hann dó, 1677. *Bréf um umburðarlyndi* eftir Locke var skrifað á latínu og kom út árið 1689 undir nafninu *Epistola de Tolerantia*. *Ritgerð um ríkisvald* eftir Locke kom einnig út 1689 og nefndist þá *The Second Treatise of Government: An Essay Concerning the True Original, Extent, and End of Civil Government*.

³ Spinoza 1951 bls. 259.

⁴ Locke 1993 bls. 93.

stjórnmal sagði hann að Amsterdam bæri af öðrum stöðum og þar byggju menn við betri kjör en annars staðar vegna þess að atvinnulífið væri frjálst og menn hefðu viðskipti án þess að spyrja um trúarskoðanir viðskipavinarins.⁵ Hann leit á verslun og viðskipti sem uppsprettur frelsis og upplýsingar⁶ og var lítið fyrir boð og bönn:

Sá sem reynir að stjórna öllu með lögum er líklegri til að auka lesti manna en að beina þeim á rétta braut. Best er að leyfa það sem verður hvort sem er ekki komið í veg fyrir, jafnvel þótt það sé í sjálfu sér skaðlegt. Hversu margt illt hlýst ekki af munaði, öfund, ágirnd, drykkju-skap og þvíumlíku, samt umberum vér slíka lesti því þeir verða ekki hindraðir með lögum.⁷

Rétt eins og Spinoza var Locke fylgjandi stjórn málaöflum sem beittu sér fyrir auknu frelsi bæði í trúmálum og í verslun og viðskiptum. Hann var í innsta hring þeirra sem stóðu að byltingunni á Englandi (*The Glorious Revolution*) árið 1689 og einhver öflugasti málsvari einstaklingshyggju á sinni tíð. Áhrif hans á ensku frjálshyggjuhefðina eru vel þekkt og um þau hefur mikið verið skrifað. Þessara áhrifa gætir hjá höfundum bandarísku stjórnarskrárinnar, Adam Smith, John Stuart Mill og fjölmörgum öðrum. Minna hefur verið fjallað um áhrif Spinoza enda er flóknara mál að henda reiður á þeim því Spinoza var úthrópaður fyrir trúleysi og rit hans víðast hvar bönnuð á sautjándu og átjándu öld. Tilvísanir í kenningar hans eru því oft undir rós og án þess að nafn hans sé nefnt.⁸ Það var langt liðið á átjándu öld þegar forystumenn í heimspeki og andlegu lífi tóku að gangast við því opinberlega að þeir sæktu innblástur í rit Spinoza. Ljóst er þó að hugsun hans hafði mikil áhrif á heimspekinga sem á eftir komu, ekki hvað síst á hugmyndir þeirra um frelsi. Til að mynda eru frelsishugsjónir sem finna má hjá Kant og Hegel undir augljósum áhrifum frá Spinoza.

Locke og Spinoza skrifuðu báðir bækur um stjórnmal og trúmál þar sem þeir mæltu með trúfrelsi og lýstu stuðningi við frjálslýndustu stjórn málaöfl síns tíma, jafnframt því sem þeir lögðu til að þau gengju enn lengra í frjálstræðisátt. Rökin sem þeir færðu fyrir auknu frelsi voru að vísu ákaflega ólík þar sem Locke vísaði til kenningar um náttúrurétt eða siðferðilegan rétt hvers manns á frelsi en Spinoza studdi kenningu sína einkum þeim rökum að aukið frelsi hefði góðar afleiðingar og stuðlaði bæði að friði og hagsæld. Auk þess að skrifa um stjórnmal og trúmál rituðu báðir tímamótaverk þar sem fjallað er um frelsi undir frumspekilegu sjónarhorni og reynt að skýra í hverju það er fólgið. Áður en ég sný mér að frelsiskenningum þessara bóka, sem eru *Siðfræðin* eftir Spinoza og *Ritgerð um mannlegan skilning* eftir Locke, ætla ég að gera nokkra grein fyrir frelsishugtakinu og muninum á jákvæðu og neikvæðu frelsi, enda vandkvæðum bundið að bera saman kenningar um jafnflókið efni og hér er til umræðu án þess að draga fyrst einhvers konar yfirlitskort þar sem hægt er að staðsetja hugmyndir og kenningar.

⁵ Spinoza 1951 bls. 264. (*Ritgerð um guðfræði og stjórnmal* kafli XX.)

⁶ Sjá Smith 1997 bls. 162-165 þar sem viðhorf Spinoza til frelsis í viðskiptum og atvinnulífi eru túlkuð og skýrð.

⁷ Spinoza 1951 bls. 261. (*Ritgerð um guðfræði og stjórnmal* kafli XX.)

⁸ Í riti sínu *Radical Enlightenment- Philosophy and the Making of Modernity 1650-1750* sem út kom árið 2001 fjallar Jonathan I. Israel prófessor við Princeton háskóla um áhrif Spinoza á mótun einstaklingshyggju, veraldlegrar siðfræði og hugsjóna um frelsi og jafnrétti fram til 1750. Bók hans, sem er mikil að vöxtum, rúmar 800 blaðsíður, markar þáttaskil í rannsóknum á upphafi upplýsingarstefunnar og þeirri miklu byltingu sem varð í andlegu lífi Evrópu á tímabilinu frá því um 1650 til 1750. Israel rökstyður, að mínu viti með mjög sannfærandi hætti, að áhrif Spinoza á þessa hugarfarsbyltingu séu miklu meiri en sagnfræðingar höfðu almennt álitð.

2. Jákvætt frelsi og neikvætt frelsi

Í frægri ritgerð sem birtist árið 1958 og kallast *Tvö hugtök um frelsi (Two Concepts of Liberty)*⁹ gerir höfundurinn, Isaiah Berlin, greinarmun á því sem hann kallar jákvætt og neikvætt frelsi. Hann segir að neikvætt frelsi sé til umræðu þegar leitað er svara við spurningum um að hve miklu leyti menn megi fara sínu fram án þess aðrir hindri þá en hins vegar sé rætt um jákvætt frelsi þegar spurt er hvað valdi því að maður kjósi að gera eitt fremur en annað.¹⁰ Hann segir:

Þessi „jákvæði“ skilningur á frelsishugtakinu kemur ekki fram í dagsljósið þegar við reynum að svara spurningunni „Hvað er mér frjálst að gera eða vera“ heldur þegar spurt er „Hver stjórnar mér.“¹¹

Í grófum dráttum er munurinn á neikvæðu og jákvæðu frelsi sá að maður nýtur neikvæðs frelsis á einhverju sviði ef enginn hindrar hann í að fara sínu fram eða gera það sem hann sjálfur kys. Maður nýtur hins vegar jákvæðs frelsis því aðeins að hann þurfi ekki að lúta valdi annarra eða vera leiksoppur framandi afla heldur stjórnist hegðun hans af eigin skynsemi eða meðvituðum ákvörðunum sem hann hefur sjálfur tekið eða átt þátt í að taka.

Þegar rætt er um frelsi, hvort sem það er jákvætt eða neikvætt, er stundum gerður greinarmunur á frelsi að lögum og frelsi í reynd. Í ljósi þessa er hægt að greina milli fjögurra tegunda af frelsi:

- i. *Jákvætt frelsi að lögum*: Maður hefur jákvætt frelsi að lögum til að gera eitthvað eða láta það ógert ef hann þarf ekki að fylgja öðrum lögum en þeim sem hann hefur sjálfur tekið þátt í að setja eða samþykkt að yfirlögðu ráði eða fallist á að séu rétt og skynsamleg.
- ii. *Jákvætt frelsi í reynd*: Maður hefur í reynd jákvætt frelsi til að gera eitthvað eða láta það ógert ef það hvort hann gerir veltur á niðurstöðu hans eigin skynsemi eða meðvituðum og yfirveguðum ákvörðunum.
- iii. *Neikvætt frelsi að lögum*: Að lögum hefur maður neikvætt frelsi til að gera eitthvað eða láta það ógert ef lög og lögleg yfirvöld hvorki banna honum það né skylda hann til þess.
- iv. *Neikvætt frelsi í reynd*: Í reynd hefur maður neikvætt frelsi til að gera eitthvað eða láta það ógert ef aðrir menn þvinga hann hvorki til að gera það né til að láta það ógert.

Þessi upptalning er langt frá því að vera fullkomin greining á frelsishugtakinu, enda er engin tilraun gerð til að skýra hugtökin sem notuð eru og í i. og ii. þar sem fjallað er um jákvætt frelsi er skilgreiningin í tveim til þrem liðum sem eru tengdir með „eða“ svo ef til vill væri nákvæmara að tala um fleiri en tvær mismunandi gerðir af jákvæðu frelsi.

Neikvætt frelsi að lögum er ekki skert nema yfirvöld banni mönnum eitthvað. Áhersla á það hefur verið fyrirferðarmikil innan þeirrar ensku frjálshyggjuhefðar sem John Locke átti mestan þátt í að móta. Talsmenn þessarar hefðar hafa einatt lítið svo á að besta leiðin til að tryggja neikvætt frelsi í reynd sé öflugt réttarríki sem stendur vörð um borgaraleg mannréttindi eða lagalegan rétt manna til frelsis. Með ofurlítilli einföldun má því segja að frjálshyggjumenn vilji annars vegar að boðum og bönnum sé fækkað og lögini leyfi sem flest (þ.e. að neikvætt frelsi að lögum sé sem mest) og hins vegar að lög

⁹ Þessi ritgerð er til í íslenskri þýðingu Róberts Viðis Gunnarssonar sem birtist í Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson 1994 bls. 155-168.

¹⁰ Berlin 1967 bls. 141.

¹¹ S.r. bls. 148.

skilgreini frelslsréttindi og yfirvöld grípi í taumana þegar einn maður reynir að beita annan ofbeldi og þvingunum (þ.e. að lögin varni því að neikvætt frelsi í reynd sé skert).

Jákvætt frelsi að lögum er nátengt hugsjónum lýðveldissinna um sjálfsstjórn frjálsra borgara. Slíkar hugsjónir má t.d. finna í ritum eftir Rousseau og Kant.¹² Þetta er það frelsishugtak sem mest bar á í skrifum stjórnspekinga fyrir daga Spinoza og Lockes. Margir þekkja það til dæmis úr riti Machiavellis um sögu Rómar.¹³ Það á sér líka langa sögu sem rekja má aftur til sagnfræðirita eftir Sallústíus og Livíus og fleiri sem skrifuðu um lýðveldistímamann áður en Róm varð keisaradæmi.¹⁴

Frelsi sem felst í því að vera fullgildur þátttakandi í æðstu stjórn ríkisins kallaði Frakkinn Benjamin Constant „frelsi fornanna“ í ræðu sem hann flutti árið 1833. Constant gerði greinarmun á þessu forna frelsi og „frelsi nútímamanna“ sem hann tengir borgaralegum réttindum (að allir megi tjá skoðanir sínar, velja sér starf, verja eignum sínum að vild, fara hvert sem er án þess að biðja nokkurn mann leyfis og að enginn sé hnepptur í varðhald eða tekinn af lífi án dóms og laga).¹⁵

Jákvætt frelsi í reynd er stundum kallað sjálfsstjórn og héðan í frá nota ég það orð yfir þessa gerð frelslis. Það er alkunna að menn geta haft frelsi í neikvæðum skilningi þótt þá skorti sjálfsstjórn. Þetta gæti t.d. átt við um þá sem eru haldnir fíkn í áfengi eða önnur vímuefni eða eru svo áhrifagjarnir að hver sem er geti vafið þeim um fingur sér. Einnig er mögulegt að menn hafi sjálfsstjórn þótt þeir séu að einhverju leyti sviptir neikvæðu frelsi og neyddir til að hlýða alls konar boðum og bönnum. Eftir því sem sagan segir hafði þrællin Epiktetos t.d. betri stjórn á eigin huga flestir aðrir menn þótt hann hafi verið ánauðugur.

*

Á seinni öldum hafa flestir sem leggja jákvæðan skilning í frelsishugtakið talið að maður sé frjál þegar athafnir hans eru í samræmi við hans eigin meðvituð markmið eða skynsemin stjórnar hugsunum hans og gerðum en ófrjáls ef hann er t.d. á valdi ótta, fíknar eða múgsefjunar. Þessi hugsjón um jákvætt frelsi er tjáð með áhrifamiklum hætti í *Emile* eftir Jean-Jacques Rousseau þar sem klerkur frá Savoy ræðir um siðferðilegar hugsjónir sínar og segir: „Ég er virkur þegar ég hlýði á rödd skynseminnar en óvirkur þegar geðshræringar ráða ferðinni.“ Skömmu síðar bætir hann við: „Frelsi mitt er einmitt fólgið í þessu, að ég geti aðeins viljað það sem hæfir mér, eða mér dæmist rétt vera án þess neitt utanaðkomandi stjórnari dómum mínum.“¹⁶ Rousseau áleit að maður sé frjál ef hans eigin betri vitund eða skynsemi stjórnar gerðum hans en ófrjáls ella. Svipaðar hugmyndir má finna hjá Kant og Hegel. Eftir því sem ég kemst næst eru hugmyndir þessara þremmenninga um frelsi að verulegu leyti sóttar í *Siðfræði* Spinoza þar sem upphaf IV. hluta er á þessa leið:

Vanmátt mannsins til að halda geðshræringum sínum í skefjum kalla ég „fjötra“ því sá sem er á valdi geðshræringa er ekki sjálfs sín herra heldur leiksoppur örlaga sem hafa slíkt vald yfir honum að jafnvel þótt hann sjái hvað er betra er hann eigi að síður oft neyddur til að gjöra það sem er verra.¹⁷

¹² Sjá t.d. 6. og 7. kafla í I. bók *Samfélagssáttmálans* (Rousseau 1968 bls. 59 o. áf.) og ritgerð Kants *Um eilífan frið* (*Zum ewigen Frieden*) þar sem segir í neðanmálsgrein að frelsi merki þau forréttindi að þurfa ekki að hlýða öðrum lögum en þeim sem maður hefur sjálfur fengið að samþykka. (Kant 1983 bls. 112.)

¹³ *Discorsi* frá árinu 1531.

¹⁴ Þessi saga er sögð í bók eftir Quentin Skinner sem heitir *Liberty before Liberalism*.

¹⁵ Constant 1997 bls. 66.

¹⁶ Rousseau 1979 bls. 277-278.

¹⁷ Spinoza 1982 bls. 153.

Þessir fjötrar eru meginviðfangsefni Spinoza í IV. og næstsíðasta hluta *Siðfræðinnar*. Síðasti hlutinn fjallar hins vegar um frelsi mannsins. Í upphafi hans segir Spinoza:

Ég sný mér nú loks að þeim hluta siðfræðinnar sem fjallar um leiðina sem liggur til frelsis. Í þessum hluta mun ég því fjalla um mátt skynseminnar og benda á að hvaða marki hún hefur vald yfir geðshræringunum.¹⁸

Af því sem þegar hefur verið sagt er freistandi að álykta að þótt Locke og Spinoza hafi báðir lagt mikla áherslu á frelsi og gildi þess hljóti frelsishugsjónir þeirra að hafa verið ólíkar fyrst annar er upphafsmaður þeirrar hefðar sem leggur einkum áherslu á neikvætt frelsi en hinn frumkvöðull heimspeki sem hefur jákvætt frelsi í meiri hávegum. En sannleikurinn er samt sá að frelsishugsjónir þeirra eru harla líkar og báðir lögðu í senn áherslu á neikvætt frelsi (einkum neikvætt frelsi að lögum) og jákvætt (einkum jákvætt frelsi í reynd). Þótt Berlin hafi stillt jákvæðu og neikvæðu frelsi upp sem einhvers konar andstæðum er langt í frá að í því felist nein mótsögn að láta sér annt um hvort tveggja. Það getur að sjálfsögðu farið saman að telja mikils virði að maður hafi sjálfstjórn og vilja að hann fái að fara sínu fram án þess að aðrir menn beiti hann þvingunum. Berlin bendir raunar á að röklega sé ekki ákaflega mikill munur á jákvæðu og neikvæðu frelsi en heldur því fram að samt hafi hugmyndir manna um þessar tvær gerðir af frelsi „þróast í ólíkar áttir, þótt skrefin sem juku fjarlægðina á milli þeirra hafi ef til vill ekki öll verið fullkomlega rökrétt, þar til þær voru á endanum orðnar andstæðar.“¹⁹

Ekki kemur fram í texta Berlin hvenær eða hvernig hann álítur að jákvætt og neikvætt frelsi hafi orðið að andstæðum. Vera má að það hafi gerst strax á átjándu öld þegar Rousseau skrifaði *Samfélagssáttmálann*²⁰ en þar segir í 7. kafla I. bókar:

Svo samfélagssáttmálinn sé meira en orðin tóm innifelur hann þegjandi samkomulag /.../ um að hver sá sem neitar að hlýða almannavilja skuli þvingaður til þess af þjóðarheildinni, sem þýðir ekkert annað en að hann skuli neyddur til að vera frjál.²¹

Rousseau talar hér um að skerða neikvætt frelsi manna (eða frelsi hvers og eins til að fara sínu fram óhindrað) í því skyni að auka jákvætt frelsi þeirra (þ.e. fá þá til að haga sér í samræmi við almannavilja sem hann áleit að væri nánast það saman og hin betri vitund eða skynsemi hvers og eins). Sumir eftirmenn Rousseau á seinni tímum hafa gert þessa tillögu hans að sinni og ég geri ráð fyrir að Berlin vísi til þerra þegar hann segir að hugmyndirnar um jákvætt og neikvætt frelsi hafi á endanum orðið andstæðar. En á sama hátt geta nánast öll gildi sem menn láta sér annt um orðið andstæð hvert öðru ef menn leggja slíka ofuráherslu á eitt að þeir vilji förna öðru. Þeir sem telja svo mikilvægt að hegðun manna stjórnist af skynsemi að réttlætlanlegt sé að siga lögreglunni á hvern mann sem hagar sér óskynsamlega leggja slíka áherslu á jákvætt frelsi að þeir vilja förna rétti manna til að fara sínu fram óáreittir. Að mínu viti er slík förn langt frá því að vera rökrétt afleiðing af hugsjóninni um jákvætt frelsi sem sjálfstjórn skynsamra manna, því sá sem er neyddur til að haga sér skynsamlega lætur ekki stjórnast af sinni eigin skynsemi eða betri vitund. Það er ekki raunveruleg sjálfstjórn ef maður er látinn haga sér eins og hann mundi gera ef hann hefði betri stjórn á sjálfum sér.

¹⁸ S.r. bls. 203.

¹⁹ Berlin 1967 bls. 150.

²⁰ Á frummálinu *Le Contrat social*. Bókin kom fyrst út árið 1762.

²¹ Rousseau 1968 bls. 64.

3. Sjálfstjórn og skynsemi í *Síðfræði Spinoza*

Síðfræði Spinoza er sett fram eins og stærðfræðirit þar sem setningarnar eru leiddar af frumsetningum og skilgreiningum. Setning númer 4 í IV. hluta segir að menn komist ekki hjá því að vera hluti af náttúrunni og verða fyrir breytingum af völdum utanaðkomandi orsaka. Með öðrum orðum má segja að Spinoza hafi álitnið að fullkomið og algert frelsi (í jákvæðum skilningi) sé ómögulegt og að menn séu alltaf háðir ýmsum öflum sem þeir hafa ekki vald yfir. Hann áleit líka að gerðir manna stjórnist alltaf og ævinlega af geðshræringum- skynsemi, vitneskja eða þekking stýri hegðun þeirra aldrei milliliðalaust, heldur aðeins með því að hafa áhrif á geðshræringarnar. Setning númer 14 í IV. hluta segir að geðshræringu verði ekki haldið í skefjum af vitneskju um gott og illt fyrir það eitt að vitneskjan sé sönn heldur aðeins að svo miklu leyti sem hægt er að líta á vitneskjuna sem geðshræringu. Lykillinn að því að öðlast sjálfstjórn er því ekki að bæla allar geðshræringar heldur að temja þær þannig að þær verði í samræmi við það sem er gott og skynsamlegt. Spinoza lagði áherslu á að menn öðluðust ekki frelsi nema þeir þekktu og skildu sínar eigin geðshræringar²² og gerðu sér grein fyrir að þær eru óhjákvæmilegar og hluti af gangi náttúrunnar.²³ Æðsta stig þessa skilnings á sjálfum sér sem hluta af náttúrunni kallaði Spinoza vitsmunalega ást á guði (amor dei intellectualis).²⁴ Þessi guð sem hann talaði um er ekki persónulegur guð af því tagi sem gyðingar og kristnir menn trú á, heldur eitt með náttúrunni, því Spinoza aðhylltist einhvers konar algyðistrú.

Spinoza áleit að með því að afla þekkingar á sjálfum sér gætu menn lært að elska guð. Í V. hluta *Síðfræðinnar* er 15. setningin á þessa leið:

Sá sem hefur skýran og greinilegan skilning á sjálfum sér og geðshræringum sínum elskar guð og elskar hann því meir því betur sem hann skilur sjálfan sig og geðshræringar sínar.²⁵

Samkvæmt næstu setningu á eftir (númer 16) hlýtur slík ást að vera ríkjandi í huganum og í athugasemd (scholium) við 36. setningu V. hluta segir að þessi ást feli í sér blessun og frelsi.

Þegar Spinoza ræðir um mikilvægi þess að menn skilji geðshræringar sínar virðist hann annars vegar hafa í huga að óskynsamlegar geðshræringar verði viðráðanlegar ef menn átta sig á ástæðum þeirra og hins vegar að geðshræringar séu því betri því skiljanlegri sem þær eru.²⁶ Fyrirnefnda atriðið er sálfræðileg kenning sem ég veit ekki hvernig á að meta. Hið síðarnefnda er á sviði sem enn tilheyrir heimspeki fremur en sálfræði og kveður á um að geðshræringar séu misjafnlega skiljanlegar og þær skiljanlegu séu réttmætari en þær óskiljanlegu. Þessi hugmynd er sennileg ef til dæmis er litið á muninn á skynsamlegri og óskynsamlegri hræðslu. Sá sem er hræddur við mús skilur væntanlega ekkert í sjálfum sér að óttast kvikindi sem er með öllu hættulaust. En sá sem óttast raunverulega hættu, t.d. mannýgt naut sem setur undir sig hornin og kemur hlaupandi í átt að honum, skilur sjálfur sína eigin hræðslu enda er hún rökrétt viðbrögð við aðstæðum. Skiljanlega hræðslan er réttmæt og skynsamleg en sú óskiljanlega er óréttmæt og óskynsamleg. Fleiri dæmi er hægt að tína til sem styðja þá skoðun að geðshræringar séu því betri því skiljanlegri sem þær eru enda gildir almennt og yfirleitt

²² Spinoza 1982 bls. 206 (V:3) Hér og í neðanmálsgreinum sem á eftir koma er vísað í setningar í *Síðfræðinni* með því að rita númer bókarhluta með rómverskum tölustöfum og númer setningar með arabískum tölustöfum.

²³ S.r. bls. 207-208. (V:6)

²⁴ S.r. bls. 219-220. (V:33)

²⁵ S.r. bls. 212.

²⁶ Sjá s.r. bls. 206-207. (V:3-4)

að sá sem sækist eftir einhverju sem hann áttar sig á að er gott eða forðast eitthvað sem hann gerir sér grein fyrir að er slæmt skilur ástæður eigin verka.

Umfjöllun Spinoza um frelsi og skynsemi blandast saman við einhyggju hans og tilraunir til að skýra hið tímanlega og eilífa, veröldina og guðdóminn, efni og anda, orsakir og rök, hamingju og dygð og fleira sem aðrir menn litu á sem tvennt ólíkt þannig að það sé í raun eitt og hið sama. Hún blandast líka saman við torskilda kenningu hans um hina þriðju gerð þekkingar og hvernig hún gefi dauðlegum mönnum hlutdeild í eilífðinni og hefji þá yfir eigin forgengileika. Útkoman úr öllu þessu er harla tyrfin heimspeki. En meginhugsunin í því sem Spinoza segir um frelsi manna er samt þokkalega vel skiljanleg. Hún er á þá leið að menn sem eru á valdi geðshræringa sem þeir skilja lítið í séu ekki frjálsir. En með því að afla þekkingar á eigin geðshræringum og öðlast skilning á sjálfum sér geti menn breytt hugarstarfi sínu þannig að ást á því sem er satt, rétt, gott og göfugt verði ríkjandi þáttur í sálarlífinu. Því meira sem slík ást ræður ferðinni því betra samræmi verður milli vitsmuna og tilfinninga og því fremur verður breytni manns í samræmi við hans betri vitund. Það frelsi hugans sem Spinoza taldi æðst gæða er fólgið í slíku samræmi milli vitsmuna, geðshræringa og hegðunar og er ekki fjarri lagi að það sé nokkurn veginn það sama og venjulega er kallað sjálfsstjórn.

Sú leið til frelisis sem Spinoza ræðir um er vandrötuð eins og mjói vegurinn sem talað er um í Fjallræðunni.²⁷ Niðurlag V. og síðasta hluta *Síðfræðinnar* er á þessa leið:

Leiðin sem ég hef bent á er erfíð og vandrötuð en samt er hægt að komast hana. Víst hlýtur það sem heppnast svo sjaldan að vera erfítt, því væri frelsun innan seilingar, svo menn gætu höndlað hana án verulegs erfíðis, hví skyldu þá flestir fara á mis við hana? Hvaðeina sem er framúrskarandi er jafn erfítt og það er fágætt.²⁸

4. Sjálfsstjórn og skynsemi í *Ritgerð Lockes*

Lengsti kaflinn í *Ritgerð um mannlegan skilning* er XXI. kafli II. bókar sem fjallar um frelsi. Þetta er líka sá kafli sem Locke breytti hvað mest frá fyrstu útgáfu til þeirrar fjórðu og síðustu sem hann vann. Stóra hluta kaflans endurskrifaði hann oft en einu sinni eftir að *Ritgerðin* leit fyrst dagsins ljós. Því má ætla að frelsið hafi verið honum hugleikið öðrum viðfangefnum fremur. Eins og aðrir kaflar í *Ritgerðinni* skiptist þessi í tölusettar greinar. Þær fyrstu sjö fjalla um hugtökin *vilji* og *máttur* og í grein númer 8 hefst umfjöllunin um frelsi sem er meginefni kaflans. Þar skilgreinir Locke frelsi og segir:

Að svo miklu leyti sem maður hefur mátt til að hugsa eða hugsa ekki, hreyfast eða hreyfast ekki eftir því hvert hugur hans beinist eða hvað hugur hans tekur fram yfir annað, að svo miklu leyti er hann frjálsl.²⁹

Í næstu sjö greinum ræðir Locke þessa skilgreiningu og dregur niðurstöður sínar saman í 15. grein þar sem skilgreiningin er áréttuð með breyttu orðalagi. Þar stendur:

Frelsi er máttur sem maður hefur til þess að framkvæma athöfn eða framkvæma hana ekki eftir því hvorn kostinn hugurinn tekur fram yfir hinn eða, með öðrum orðum, eftir því hvort hann sjálfur vill framkvæma athöfnina.³⁰

²⁷ Mattheusarguðspjall 7:14.

²⁸ Spinoza 1982 bls. 225.

²⁹ Locke 1959, I. bindi bls. 315.

³⁰ S.r. bls. 320.

Í 10. grein nefnir Locke sem dæmi að maður sem er læstur inni í klefa sé ekki frjáls að því að vera eða fara og ófrelsi hans sé jafnmikið þótt hann sé hæstánægður með að vera í klefanum og langi alls ekki að yfirgefa hann. Með þessu tekur Locke af tvímæli um að frelsi jafngildi því ekki að maður fái það sem hann vill, heldur sé það í því fólgið að ráða athöfnum sínum sjálfur. Til að maðurinn í klefanum sé frjáls dugar því ekki að hann geti verið inni ef hann vill heldur þarf hann líka að geta farið út ef hann vill. Af framansögðu má ljóst vera að frelsið sem Locke skilgreinir og ræðir í greinum 8 til 15 er neikvætt frelsi fremur en jákvætt því samkvæmt þessum skilgreiningum er maður frjáls að svo miklu leyti sem hann er ekki hindraður í að fara sínu fram.

Í 16. grein vikur Locke að hugmyndum um frelsi viljans og segir að þær byggist á misskilningi því ekki sé hægt að vera frjáls nema geta viljað eitthvað eða tekið eitt fram yfir annað. Þetta geti menn gert en það sé hrein merkingarleysa að segja að vilji þeirra geti viljað eitt öðru fremur. Þessi umræða heldur áfram í 17. grein þar sem Locke segir að viljinn sé hæfileiki sem menn hafa og að tala um að þessi hæfileiki hafi sjálfur hæfileika til að kjósa eitt öðru fremur sé álíka gáfulegt og að segja að lagvísi manns syngi eða danshæfileikar hans fái sér snúning.³¹ En þótt tal um frjálstan vilja sé merkingarleysa áleit Locke að á bak við það byggi spurning eða ráðgáta sem er fullt vit í að velta fyrir sér, nefnilega spurning um af hverju það ræðst hvort maður tekur eitt fram yfir annað. Hann bendir á (í greinum 23 til 25) að sé sagt að hvort maður vill fremur gera eitthvað eða láta það ógert velti á því á hvorn veg hann vill fremur að vilji sinn beinist þá sé vitaruna á næsta leyti, því svo þurfi þriðja viljann til að skýra hvers vegna sá annar í röðinni kaus að sá fyrsti vildi þetta frekar en hitt og þannig koll af kolli.

En hvað ákvarðar vilja manns spyr Locke í 29. grein og svarar að það sem knýr hugann sé ætíð einhver óróleiki („uneasiness“). Í næstu greinum skýrir hann þessa kenningu og segir meðal annars (í grein 31) að það sem ákvarðar viljann sé „ekki, eins og almennt er talið, það sem okkur virðist best heldur einhver óróleiki (og oftast sá óróleiki sem knýr fastast á).“³² Sem dæmi um óróleika af þessu tagi nefnir hann sársauka og girnd. Þessi kenning Lockes er nauðalík þeirri kenningu Spinoza að athafnir manna stjórnist ævinlega af geðshræringum. Þeir neituðu báðir því sem Kant hélt fram öld seinna, að skynsemin gæti knúið menn til verka án atbeina geðshræringa. Líkt og Spinoza velti Locke því líka fyrir sér hvernig menn gætu komist hjá því að vera leiksoppar geðshræringa sem láta þá gera alls konar vitleysu. Og svar hans við spurningunni (sem er sett fram í greinum 47 til 54) er á svipuðum nótum og svar Spinoza nefnilega að með því að beita skynseminni geti menn breytt geðshræringum sínum þannig að löngun til að gera það sem er gott og rétt knýi fastar á en aðrar girndir.

Locke skýrir hvernig skynsemin getur náð tókum á geðshræringunum í 48. grein þar sem hann segir:

Í oss býr margvíslegur óróleiki sem sífellt knýr á og er reiðubúinn að ákvarða viljann. Eins og ég hef sagt er eðlilegast að sá sem er mestur og knýr fastast á ákvarði viljann og þar með næstu athöfn og þannig er þetta að mestu leyti en þó ekki alltaf, því eins og ljóst er af reynslu getur hugurinn oftast *frestað* því að fullnægja þrá sinni og framkvæma það sem hann langar. ... Þetta virðist mér vera uppspretta alls frelsis og í þessu virðist fólgið það sem er (að mínu viti ranglega) kallað *frjáls vilji*.³³

Locke áleit að menn gætu tamið geðshræringar sínar með því að fresta því að láta undan löngun eða óróleika af einhverju tagi og hugleiða á meðan hvað gott og hvað slæmt

³¹ S.r. bls. 322.

³² S.r. bls. 332.

³³ S.r. bls. 345.

hlytist af því. Í niðurlagi 48. greinar segir að „mannleg náttúra fullkomnist í því að löngun, vilji og breytni séu í samræmi við lokaniðurstöðu heiðarlegrar hugsunar.“³⁴ Þetta er svo áréttað í 49. grein þar sem segir að því meira sem vantar á að hegðun manns sé í samræmi við lokaniðurstöðu slíkrar hugsunar því meiri sé eynd hans og ánaud.³⁵

Locke hugar ekki við að nota sömu orðin („free“, „freedom“ og „liberty“) um hvort tveggja að menn geti gert það sem þeir vilja og að þeir geti látið skynsamlega umhugsun móta löngun sína og vilja. Hann tekur fram, í 49. grein, að frelsi af báðum þessum gerðum sé jafnmikils virði³⁶ og að það sé ekki síður fullkomnun að vilji manns ákvarðist af því sem er gott en að verk hans ákvarðist af því hvað hann vill. Síðan áréttar hann að maður geti ekki talist frjáls nema skynsemin hafi náð tökum á þeim óróleika og þeim ástríðum sem ákvarða viljann og segir að væri hvað við gerum „ákvarðað af einhverju örðu en lokaniðurstöðu eigin huga sem dæmir um hvað gott og hvað illt athöfn hefur í för með sér þá værum vér ekki frjáls.“³⁷

Líkt og Spinoza taldi Locke að þetta innra frelsi, sem hér hefur ýmist verið kallað „sjálfstjórn“ eða „jákvætt frelsi í reynd“, sé lykillinn að sannri hamingju. Hann lýkur umfjöllun sinni um efnið í 54. grein þar sem hann segir:

Að vér fáum hagað breytni vorri svo að hún beinist í átt að sannri hamingju veltur á því að vér látum eigi of skjótt undan girndum vorum heldur höfum taumhald á þeim svo skilningsgáfunni veitist ráðrúm til að kanna málin og óvilhöll skynsemi geti fellt sinn dóm. ... Þannig skyldum vér leggja oss fram um að laga smekk hugans að því sem er að sonnu gott eða illt. Eigi skyldum vér láta neitt sem ætla má að sé að sonnu mikilsverð gæði renna oss úr greipum heldur reyna að gæða hugann smekk fyrir slíkum verðmætum eða löngun eftir þeim með hæfilegri umhugsun um gildi þeirra sem mótar hugann svo að hann hungri í slík gæði og með oss vakni óróleiki þar sem þau vantar eða vér óttumst að missa þeirra.³⁸

5. Hvað er líkt og hvað er ólíkt í kenningum Lockes og Spinoza?

Þýski heimspekingurinn Leibniz svaraði *Ritgerð* Lockes með bók sem kallast *Nýjar ritgerðir um mannlegan skilning*.³⁹ Í þeirri bók gerir hann athugasemdir við *Ritgerð* Lockes kafla fyrir kafla og grein fyrir grein. Þar sem Leibniz fjallar um XXI. kafla II. bókar⁴⁰ (kaflann um frelsið) segir hann að orðið „frelsi“ sé afar margrætt. Hann gerir greinarmun á frelsi að lögum (að mega eitthvað) og frelsi í reynd (að geta raunverulega farið sínu fram). Frelsi í reynd greinir hann í mátt til að gjöra það sem maður vill og mátt til að vilja það sem vilja skyldi. Það síðarnefnda kallar Leibniz frelsi viljans og greinir það í tvennt og segir að frjáls vilji sé annars vegar andstæða hugfjötra eða ófullkomleika (eins og þess sem geðshræringar valda) og hins vegar andstæða nauðsynjar. Þessa framsetningu Leibniz er hægt að setja fram sem mynd, svona:

³⁴ S.r. bls. 345. Orðin sem Locke notar og hér eru þýdd sem „heiðarleg hugsun“ eru „fair examination“. Þessi orð geta líka merkt „hlutlaus prófun“ eða „sanngjörn athugun.“

³⁵ S.r. bls. 345.

³⁶ S.r. bls. 346.

³⁷ S.r. bls. 346.

³⁸ S.r. bls. 350.

³⁹ Á frummálinu heitir bókin *Nouveaux essais sur l'entendement humain*. Leibniz hætti við að gefa hana út þegar hann frétti andlát Lockes í lok árs 1704. Bókin var fyrst gefin út 1765, nær hálfri öld eftir að Leibniz var allur.

⁴⁰ Leibniz 1981, bls. 175.

Frelsi			
Frelsi að lögum.		Frelsi í reynd.	
		Máttur manns til að gjöra það sem hann vill.	Máttur manns til að vilja það sem vilja skyldi.
		Að vera óbundin af hugfjötrum.	Að vera óbundinn af nauðsyn.

Ef við bætum því sem sagt hefur verið um muninn á jákvæðu og neikvæðu frelsi við þessa greiningu Leibniz fæst flóknari mynd. Hér er ekki reynt að greina milli afbrigða af neikvæðu frelsi í fjórðu línu, enda væri það efni í aðra ritgerð. Ekki ber heldur að skilja töfluna svo að greiningin sé tæmandi og frelsi sé til af átta og aðeins átta gerðum.

Frelsi							
a. Frelsi að lögum.				b. Frelsi í reynd.			
aa. Neikvætt. Að hafa heimild eða rétt til að fara sínu fram.		ab. Jákvætt. Að þurfa ekki að lúta valdi annarra.		ba. Neikvætt. Að geta óhindrað gert það sem maður vill.		bb. Jákvætt (sjálfsstjórn). Að hafa mátt til að vilja það sem vilja skyldi og vera ekki leiksoppur framandi afli.	
aaa.	aab.	aba. Að þurfa aðeins að hlýða lögum sem maður hefur sjálfur samþykkt eða átt þátt í að setja.	abb. Að þurfa aðeins að hlýða lögum sem maður fellst á að séu rétt og skynsamleg.	baa.	bab.	bba. Að vera óbundin af hugfjötrum.	bbb. Að vera óbundinn af nauðsyn.

Með hliðsjón af þessari greiningu getum við sagt að skrif Lockes og Spinoza um stjórn-mál snúist einkum um neikvætt frelsi að lögum (reit aa) sér í lagi trúfrelsi og tjáningar-frelsi. Í *Síðfræðinni* eftir Spinoza er megináherslan á að vera óbundinn af hugfjötrum (bba) og í *Ritgerðinni* fjallar Locke um neikvætt frelsi í reynd (ba) í fyrri hluta XXI. kafla II. bókar en megináherslan er á gildi þess að losa hugann úr fjötrum (bba) sem fjallað er um í seinni hluta kaflans. (Í töflunni hér að ofan eru þessi sameiginlegu áhersluatriði feitletruð.)

Spinoza aðhylltist stranga nauðhyggju og neitaði því að frelsið sem Leibniz kallar andstæðu nauðsynjar (reitur bbb) sé til og Locke virðist einnig vefengja að nauðsyn (eða nauðhyggja) útiloki frelsi af neinu tagi.⁴¹

Það sem Benjamin Constant kallaði „frelsi fornanna“ er hér í reit aba. Fyrir daga Spinoza og Lockes snerist umræða stjórnspekinga um frelsi einkum um þetta forn-mannafrelsi eins og nefnt var hér í 2. kafla. Á seinni öldum hefur umfjöllun um frelsi hins vegar snúist meira um frelsisréttindi og frelsi að lögum (aa) annars vegar og hins vegar innra frelsi, frelsi viljans eða sjálfsstjórn (bb). Mér þykir trúlegt að áhrif frá ritum Spinoza og Lockes séu mikilvægasta orsök þessara umskipta.

Þótt Spinoza og Locke byggja á ólíkum forsendum og hafi ólík viðhorf til heim-spekinnar komast þeir að svipuðum niðurstöðum um frelsi af því tagi sem nefnt er í reit bba og stundum er (ranglega að mati Lockes) kallað frelsi viljans og stundum sjálfs-stjórn. Báðir líta á það sem hið æðsta hnoss og lykil að lífshamingjunni. Báðir telja líka að menn þurfi að hafa töluvert fyrir því að hreppa þetta hnoss og þeim takist það misvel.

⁴¹ Sjá Locke 1959, I. bindi bls. 347. (II:xxi:50-51)

Einnig eru þeir sammála um að hegðun manna sé ætíð knúin áfram af geðshræringum og útlokað sé að vit eða þekking stjórni henni milliliðalaust, en menn geti náð skynsamlegum tókum á lífi sínu og losað hugann úr fjötrum með því að láta umhugsun, rök og þælingar móta geðshræringarnar þannig að þær knýi þá til breytni sem er í samræmi við það sem þeir vita sannast og réttast.

Hér hefur einkum verið fjallað um það sem kenningar Spinoza og Lockes um frelsi eiga sameiginlegt. En sumt er ólíkt. Rökin sem þeir færa fyrir frjálsmannlegri samfélagsháttum í ritum sínum um stjórnsmál og trúsmál eru t.d. afar ólík. Við fyrstu sýn virðist kenning Lockes um að menn geti öðlast frelsi með því að venja sig á að slá girndum sínum á frest og hugleiða hvað af þeim leiðir mun hversdagslegri heldur en kenning Spinoza um að vitsmunaleg ást á guði færi mönnum frelsi og hamingju en hér er ef til vill meiri munur á stíl og orðfæri en eiginlegu innihaldi- báðir töldu að menn losi hugann úr fjötrum með því að leita sannleikans og temja sér vitsmunalega umhyggju fyrir því sem gott er.

Sá munur á kenningum þeirra jafnaldra sem mér þykir einna merkilegastur er að Spinoza áleit að menn sem stjórnast af skynsemi (þ.e. eru algerlega frjálssir og hafa fulla sjálfsstjórn) hljóti ætíð að vera sammála og hafa rétt fyrir sér. Þetta kemur fram í sönnuninni á 35. setningu IV. hluta *Siðfræðinnar* þar sem segir að þeir sem lifa samkvæmt leiðsögn skynseminnar felli rétta dóma um gott og illt og séu því nauðsynlega samdóma. Í þessari sönnun vísar Spinoza í 41. setningu II. hluta sem kveður á um að þekking af annarri og þriðju tegund (þ.e. fræðileg þekking) sé ætíð sannleikanum samkvæm. Önnur forsenda sem hann notar er að allir menn hafi sama eðli að svo miklu leyti sem þeir eru skynsemisverur. Þessa kenningu um óskekulleika skynseminnar og að hún sé eins í öllum mönnum sótti Spinoza líklega til Descartes. Hvorugur þeirra áleit þó að menn séu í raun og veru óskekulir. Kenning Descartes og Spinoza kveður ekki á um óskekulleika manna heldur óskekulleika skynseminnar. Ætli þeir hefðu ekki sagt að þegar mönnum skjátlást þá hafi þeim ekki tekist að nota skynsemina eina heldur orðið fyrir áhrifum af einhverju öðru og samkvæmt því sem Spinoza segir í 4. setningu IV. hluta *Siðfræðinnar* og athugasemd við hana komast menn aldrei alveg hjá slíkum áhrifum frá öðru en skynseminni. (Ein afleiðing þess að álíta að frjálssir menn velji ætíð það sem er gott og rétt er að þeir sem gjöra eitthvað illt séu ekki frjálssir. Þessi kenning hefur gengið aftur í ýmsum myndum hjá eftirmönnum Spinoza.)

Um þetta efni var Locke á öðru máli. Í 56. grein kaflans um frelsi (kafla XXI. í II. bók *Ritgerðarinnar*) segir hann að rétt eins og menn hafi ólíka bragðlauka og verði því aldrei sammála um hvaða matur bragðast vel sé hugur þeirra líka ólíkur svo það sem færi einum manni hamingju kunni öðrum að þykja lítils vert þótt báðir hafi fulla sjálfsstjórn. Ef tveir menn velja því fyrir sér hvort einhver athöfn sé til góðs geta þeir komist að ólíkum niðurstöðum og samt báðir haft rétt fyrir sér ef athöfn af því tagi sem um ræðir er til góðs fyrir annan þeirra en ekki fyrir hinn. Þetta er meginástæða þess að Locke er ósammála þeirri kenningu að menn sem hafa fulla sjálfsstjórn séu samdóma. Önnur ástæða sem vert er að gefa gaum er sú að hann áleit ekki að skynsemi manna sé óskekul og hefur sjálfsagt talið að jafnvel þótt maður gerði sitt besta, velti hlutunum fyrir sér og notaði skynsemina til hins ýtrasta þá kynni honum samt að skjátlást. Locke lagði áherslu á að mannlegri skynsemi væru takmörk sett og hann notaði kenningu sína um það efni m.a. til að rökstyðja frjálsslyndar stjórnsmálaskoðanir.⁴²

⁴² Þessi rök er að finna í IV. og síðasta hluta *Ritgerðar um mannlegan skilning*. Sjá t.d. Locke 1959, II. bindi bls. 371-374. (IV:xvi:4)

6. Frelsi sem dygð

Locke og Spinoza beittu sér báðir fyrir trúfrelsi, tjáningarfrelsi og frjálsmannlegum samfélagsháttum. Þeir eru öðrum fremur upphafsmenn þeirra frjálslyndu stjórn mála- viðhorfa sem hafa mótað samfélög Vesturlanda og fleiri heimshluta. Það frelsi sem þeir skrifuðu um og töldu lykil að hamingju og framförum var þó ekki bara í fólgið í færri boðum og bönnum og meira svigrúmi fyrir einstaklinga til að fara sínu fram. Þeir fjölluðu líka um frelsi sem dygð. Í *Ritgerð um stjórn mála* tekur Spinoza fram berum orðum að frelsi sé dygð.⁴³ Locke kallar það fullkunnun (perfection).⁴⁴ Að sumu leyti er óheppilegt sé að nota sama orðið um þessa dygð sem Locke og Spinoza töldu svo mikils virði og um það að manni sé fátt bannað og aðrir hindri hann lítt eða ekki í að fara sínu fram. Kannski ættum við að einfaldlega að kalla þá dygð sem um ræðir sjálfsstjórn. En að sumu leyti er þó skynsamlegt að nota sama orðið bæði yfir dygðina og samfélagsaðstæður sem við kennum við frelsi alveg eins og við notum orðið „réttlæti“ bæði yfir dygð einstaklings og aðstæður í samfélagi manna. Sú frelsishugjón sem Locke og Spinoza mæltu fyrir og vísaði samfélögum Vestur-Evrópu veginn til nútímans er hugsjón um að hver maður sé sinn eigin herra, með næga sjálfsstjórn til að lifa í samræmi við meðvitaðar og yfirvegaðar ákvarðanir og nægilegt svigrúm til að fylgja þeim eftir. Þessi hugsjón inniheldur bæði frelsi sem dygð og frjálsmannlega samfélagsskipan og hún er ekki nema hálf ef annað hvort vantar.

Rit

- Berlin, Isaiah. 1967. „Two Concepts of Liberty.“ Bls. 141-152 í Quinton 1967.
- Boaz, David (ritstjóri). 1997. *The Libertarian Reader*. New York: The Free Press.
- Constant, Benjamin. 1997. „The Liberty of the Ancients compared with that of the Moderns.“ Bls. 65-70 í Boaz 1997.
- Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson. 1994. *Heimspeki á tuttugustu öld*. Reykjavík: Heimskringla - Háskólaforlag Máls og menningar.
- Israel, Jonathan I. 2001. *Radical Enlightenment- Philosophy and the Making of Modernity 1650-1750*. Oxford: Oxford University Press.
- Kant, Immanuel. 1983. *Perpetual Peace and Other Essays*. Indianapolis: Hackett Publishing Company.
- Leibniz, Gottfried Wilhelm. 1981. *New Essays on Human Understanding*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Locke, John. 1959. *An Essay Concerning Human Understanding*. New York: Dover Publications Inc.
- Locke, John. 1993. *Ritgerð um ríkisvald*. Reykjavík: Hið Íslenska bókmentafélag.
- Quinton, Anthony. 1967. *Political Philosophy*. Oxford: Oxford University Press.
- Rousseau, Jean-Jacques. 1968. *The Social Contract*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Rousseau, Jean-Jacques. 1979. *Emile*. London: Penguin Books.
- Skinner, Quentin. 1998. *Liberty before Liberalism*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Smith, Steven B. 1997. *Spinoza, Liberalism, and the Question of Jewish Identity*. New Haven: Yale University Press.
- Spinoza, Benedict de. 1951. *A Theologico-Political Treatise- A political Treatise*. New York: Dover Publications Inc.
- Spinoza, Benedict de. 1982. *The Ethics and Selected Letters*. Indianapolis: Hackett Publishing Company.

⁴³ Spinoza 1951 bls. 294.

⁴⁴ Locke 1959, I. bindi bls. 346. (II:xxi:49)